

## 243. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

<b>Fundarefni:</b>	Skv. dagskrá fundar		
<b>Fundardagur:</b>	24.03.2015	<b>Fundartími:</b>	16.00 – 18.00
<b>Fundarstaður:</b>	Árskógar 8, Reykjavík	<b>Fundarritari:</b>	Kristján Oddur
<b>Fundarmenn:</b>	Kristján Ottósson (KO), Sveinn Áki Sverrisson (SÁS), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Birgir Hólm (BH) og Jón Guðmundsson (JG)		
<b>Forföll:</b>	Helgi Pétursson (HP), Guðmundur Páll Ólafsson (GPÓ) og Gunnar Sigurðsson (GS)		

1. Fundur settur.
2. Fundargerð stjórnar nr. 242. Engin athugasemd við síðustu fundargerð.
3. Lagnakerfamiðstöð Íslands. Lítið hefur gerst í málefnum miðstöðvarinnar frá síðasta fundi. SÁS, HP og GPÓ fóru og skoðuðu aðstæður í miðstöðunni sjálfri. Miðað er að því að taka upp þráðinn þegar fagstjóri Iðunnar er kominn til starfa aftur.
4. Fundur um brunalokur 20. apríl. Töluvert var rætt um fyrirhugaðan fund um brunalokur. Fundurinn verður í húsnæði Iðunnar að Vatnagörðum 20, þann 20. apríl nk. Rætt var um framsögumenn yrðu, málefni og mikilvægi að þeir ræði saman þannig að þeir komi ekki til með að fjalla um ákveðið málefni og að gott og eðlilegt flæði verði í framsögum. KO og SÁS munu vera í sambandi við framsögumenn og KO sendir út auglýsingu.
5. Aðalfundur 2015. SÁS og KO falið að undirbúa aðalfund. Í uppstillingarnefnd eru Guðmundur Halldórsson, Steinar Gíslason og Kristján Ottósson. Fundurinn verður haldinn 29. apríl.
6. Kynning fundarefna með fagráðum. Stefnt er að því að fá fagráðin til að vinna áfram með viðfangsefnið „Lokafrágangur lagnakerfa“. Rætt um málefnið en ákveðin von er bundin við að Skoðunarhandbækur Mannvirkjastofnunnar muni hjálpa til. KOS minnir á ákvæði um ábyrgð mismunandi iðnmeistara, eins og hann hefur fjallað um áður, sem þarf að fjalla um og bæta í Byggingarreglugerð.
7. Námsskeið fyrir íbúa Árskóga 8. KO tók saman námskeiðarefni og hélt námskeið fyrir notendur hita- og loftræsikerfa í Árskógum 8, þann 23.3.2015, og var öllum íbúðum byggingarinnar gefin námskeiðsgögn sbr. Lagnafréttir 43, [http://www.lafi.is/gogn/Lagnafréttir\\_pdf/Lagnafréttir-43.pdf](http://www.lafi.is/gogn/Lagnafréttir_pdf/Lagnafréttir-43.pdf). Aðdúnarvert framtak hjá KO.
8. Úttektarhandbók Mannvirkjastofnunnar. JG sagði frá stöðu hennar, en hún verður vonandi gefin út nú í sumar. Hún er nú í yfirlestri hjá mismunandi aðilum.
9. Lofsvert lagnaverk. Auglýst er eftir tilnefningum.
10. Ekkert heyrir frá stjórnarmönnum. Greinar og efni vantar fyrir fréttabréfið og á heimasíðu félagsins.

11. Fréttabréf. Fréttabréf 123 er komið út og 124 er í smíðum. Efni um Skoðunarhandbækur frá JG gæti farið í Fréttabréf 124.
  
12. Nýtt efni á heimasíðuna. KO er að vinna í að setja inn efni frá ráðstefnunni Cold Climate HVAC frá 1997.